



Mýrdalshreppur

Umsókn um leyfi til kattahalds í Mýrdalshreppi

Samkvæmt 6. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Mýrdalshreppi nr.757/2008

Nafn umsækjanda: _____ Kt: _____

Heimilisfang: _____

Sími: _____ Netfang: _____

Nafn kattar: _____ Aldur: _____

Kyn: _____ Tegund: _____ Litur: _____

Kattahreinsunarovottorð: _____

Útgefið af: _____ Dagsetning: _____

Ég undirritaður eigandi og umsækjandi sem hér með sæki um leyfi til kattahalds hef kynnt mér ítarlega samþykkt um hunda- og kattahald í Mýrdalshreppi og skuldbind mig til að hlíta þeim í hvívetna.

Vík í Mýrdal _____

Undirritun umsækjanda

Leyfi veitt samkvæmt samþykkt nr. 757/2008
um hunda- og kattahald í Mýrdalshreppi

fh. Mýrdalshrepps

Sveitarstjóri

Númer kattar: _____



Mýrdalshreppur

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Tilgangur vinnslu og heimild til vinnslu

Mýrdalshreppur, sem er ábyrgðarmaður vinnslunnar, safnar framangreindum upplýsingum í þeim tilgangi að taka á móti og meta umsókn um kattahald. Heimild til vinnslu framangreindra upplýsinga byggir á beitingu opinbers valds, sbr. 5. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög).

Viðtakendur

Mýrdalshreppur kann að deila framangreindum persónuupplýsingum til þjónustuaðila sinna, þ.e. þeirra sem sjá um hugbúnaðarkerfin sem sveitarfélagið notar. Þeir aðilar eru bundnir trúnaði. Í öðrum tilvikum getur einnig verið nauðsynlegt fyrir sveitarfélagið að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila svo sem þegar skylda stendur til þess samkvæmt lögum.

Varðveislutími

Mýrdalshreppur er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og er því óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild Þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem Mýrdalshreppur vinnur því afhentar Héraðsskjalasafni Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga að þrjátíu árum liðnum.

Réttindi umsækjenda

Umsækjendur eiga rétt á að vera upplýstir um vinnsluna, eiga rétt til aðgangs að gögnum, eiga rétt til að fá rangar upplýsingar leiðréttar, eiga rétt til takmörkunar á vinnslu, eiga rétt til að andmæla vinnslu og eiga rétt til eyðingar persónuupplýsinga. Hafa skal í huga að þessi réttindi eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd

Þú átt rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þú dregur í efa að Mýrdalshreppur meðhöndli persónuupplýsingar þínar í samræmi við persónuverndarlög. Hægt er að senda inn erindi á www.personuvernd.is.

Persónuverndarfulltrúi og persónuverndaryfirlýsing

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Mýrdalshreppur meðhöndlar persónuupplýsingar þeirra geta þeir sent fyrirspurn á persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Sá aðili er Vigdís Sigríður Jóhannsdóttir og hægt er að hafa samband við hana með því að senda á netfangið vigdis@landlogmenn.is eða með því að hringja í símanúmerið 546 4040. Nánari upplýsingar um meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndaryfirlýsingu sveitarfélagsins sem er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.vik.is.